

27. október 1978.

775

Nr. 377.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Blönduóss nr. 391 26. október 1977
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 3 300.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 3 800.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.

F. h. r.

Árni P. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1978.

Nr. 378.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 563.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b) Vatnsgjald kr. 4 518.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

10. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er, kr. 1 860.00 í hvert skipti.

B 99

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Suðureyrarhrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellshrepps nr. 108 10. febrúar 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A) Fastagjald kr. 585.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
B) Vatnsgjald kr. 1 490.00 á mánuði fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningagjald	kr. 495.00
Heitt vatn	— 995.00

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð.

Rúmmál húss (utanmál)	m ³	Heimæðagjald
--------------------------	----------------	--------------

Allt að 600	345 800 kr.	
600—2000	345 800 — fyrir	600 m ³ + 216 kr./m ³ þar yfir
2000—6000	648 770 — fyrir	2000 m ³ + 185 kr./m ³ þar yfir
6000—10000	1 385 800 — fyrir	6000 m ³ + 161 kr./m ³ þar yfir
Meira en 10000	2 030 600 — fyrir	10000 m ³ + 142 kr./m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá Hitaveitunni og skal þá greiða kr. 32 240.00 í aukagjald fyrir hvern hemil eða mæli umfram þann fyrsta. Heimæðargjald skal greiðast þegar heimæð hefur verið lögð; áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þágildandi gjaldskrá.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Mosfellshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. nóvember 1978 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1978.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Kristmundur Halldórsson.